



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 17. maí 2021  
nr. erindis 2102034

Á 399. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 12. maí 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags)**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir vinnuskjal með drögum að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), sem Umhverfis- og samgöngunefnd er að vinna með.

Í drögnum er leitast við að ná málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða varðandi málið án þess að missa sjónar á markmiðinu sem sett var fram í þingsályktun nr. 21/150, um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033.

Nefndin stefnir að því að taka málið aftur á dagskrá 12. maí og því væri hægt að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum fram að þeim tíma.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar, á 627. sínum, tók jákvætt í þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, sem miða að því að ná sátt í málinu og koma til móts við athugasemdir sveitarfélaga, þó bæjarráð setji sig ekki á móti lögbundnum lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum eins og upphaflegt frumvarp gerði ráð fyrir. Vísaði bæjarráð bókun sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**Bókun 399. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar**

*Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri.

